

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

#### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Vopnafjarðarhrepps.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

#### 3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		Kr.
A)	Íbúðir	sorphirðugjald 4.000
B)	Fyrirtæki:	
	Flokkur 0	sorphirðugjald 5.000
	Flokkur 1	sorphirðugjald 10.000
	Flokkur 2	sorphirðugjald 25.000
	Flokkur 3	sorpeyðingargjald 50.000
	Flokkur 4	sorpeyðingargjald 80.000
	Flokkur 5	sorpeyðingargjald 200.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka m.a. eftir magni úrgangs.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 21. janúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.